

Í þessum bæklingi eru almennar upplýsingar um varúðarráðstafanir og meðferð þegar grunur leikur á að sjúklingur sé með influensu.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar getur ýmsum spurningum verið ósvarað og við hvetjum þig til að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna á deildinni ef svo er.

Landspítali - háskólasjúkrahús

Skriptiborð - sólarhringsvakt543 1000

Smitsjúkdómadeild A7 í Fossvogi . . .543 6770

Influensa

Upplýsingarit

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
LYFLÆKNINGAEIÐILD A7
OKTÓBER 2006 – I. ÚTGÁFA


HÖFUNÐUR OG ÁBYRGÐARMADUR:
BERGLIND GÜÐRÚN CHU, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR A7

FAGLEG RÁÐGJÖF:
STEFANÍA ARNARDÓTTIR, EIÐLARIÞJÓRI A7
MÁR KRISTJÁNSSON, YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEIÐLAR
ÁSDÍS ELFARSDÓTTIR OG ÓLÓF MÁSDÓTTIR, SÝKINGAVARNAHJÚKRUNARFRÆÐINGAR

LIÓSMYND OG HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV



5 690939 122925 >



Hvað er influensa?

Influensa er veirusjúkdómur í öndunarfærum sem gengur í árvissum faröldrum oftast um miðjan vetur. Sjúkdómurinn er yfirleitt mildur en ýmsar sýkingar geta komið í kjölfar hans, svo sem lungnabólga, berkjubólga o.fl.

Áhættuþættir

Áhættuþættir eru til dæmis:

- Ungur aldur
- Öldrun
- Ónæmisbæling
- Langvinnir sjúkdómar

Einkenni influensu

Staðbundin einkenni eru:

- Nefrennsli
- Hnerri
- Særindi í hálsi
- Sár og þurr hósti
- Takverkur fyrir brjósti

Almenn einkenni eru:

- Hár líkamshiti
- Höfuðverkur, beinverkir og vöðvaverkir
- Slappleiki

Smit

Veiran berst milli manna með dropasmiti við hósta eða hnerra og með snertismiti (með höndum sem snerta mengaða hluti og síðan munn eða nef).

Sjúklingar geta verið smitandi í sólahring áður en einkennin koma fram og í allt að 3 - 5 daga eftir að veikindin byrja. Börn geta verið smitandi lengur en í viku frá því að þau veikjast.

Til að sporna við smiti er mjög mikilvægt að fólk hylji nef og munn þegar það hóstar og hnerrar og þvoi og sóttþreinsi hendurnar eftir snertingu við vessa sem berast frá nefi og munn.

Greining

Hægt er að greina sjúkdóminn með sýnatöku frá nefi eða hálsi. Skyndipróf geta leitt til bráðabirgðaniðurstöðu samdægurs en ræktun tekur nokkra daga.

Meðferð

Sjúklingurinn er einn á stofu vegna hættu á smiti. Ef hann þarf að yfirgefa stofuna af einhverjum ástæðum, svo sem vegna rannsóknna þarf hann að vera með grímu fyrir vitum sér. Starfsfólk og gestir sem fara inn í herbergið þurfa líka að vera með grímu og hanska og í vissum tilfellum í sloppum.

Lyf geta stýtt veikindatímabilið ef meðferðin hefst innan 48 klst frá því að einkennin byrjuðu. Gefin eru lyf við einkennum, t.d. verkjalyf og hitalækkandi lyf. Mikilvægt er að drekka vel vegna hitans, helst tvo til þrjú lítra á sólahring til þess að koma í veg fyrir að sjúklingurinn þorni upp.

Komið í veg fyrir influensu

Mælt er með bólusetningu gegn influensu fyrir aldraða, einstaklinga með veiklað ónæmiskerfi, heilbrigðisstarfsfólk og aðra sem umgangast einstaklinga í áhættuhópi. Bóluefnið getur valdið mildum einkennum flensunnar, en yfirleitt er aðeins um staðbundin einkenni eftir sprautuna að ræða. Þeir sem eru með ofnæmi fyrir eggjahvítefnum eða öðrum innihaldsefnum bóluefnisins mega ekki fá bólusetningu. Fólk getur fengið einkenni influensu þrátt fyrir bólusetningu. Þá verða einkenni sjúkdómsins oftast mildari en hjá þeim sem ekki voru bólusettir.

Þér er velkomið að hafa samband við deildina ef eitthvað kemur upp á eftir að heim er komið.